

Föstudaginn 20. nóvember 1992.

Nr. 319/1992. **Svavar Baldursson**

gegn

Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Kærumál. Lögtaksgerð. Ómerking. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1992, en hann kveðst hafa fengið vitneskju um hina kærðu lögtaksgerð 3. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að hin kærða lögtaksgerð verði dæmd ómerk og felld úr gildi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Skilja verður kröfugerð varnaraðila svo, að hann krefjist staðfestingar hinnar kærðu lögtaksgerðar og kærumálskostnaðar.

Svo sem fram kemur í hinni kærðu lögtaksgerð, fór hún fram 5. júní 1992 í skrifstofu varnaraðila að Lágmúla 9, Reykjavík. Fram var lögð gerðarbeiðni varnaraðila, undirrituð af Heiðu Gestsdóttur. Ekki var mætt af hálfu sóknaraðila, en hann hafði verið boðaður með ábyrgðarbréfi varnaraðila, og hafa gögn þar að lútandi verið lögð fyrir Hæstarétt. Var þá bókað í réttinum, að af hálfu gerðarþola, sóknaraðila hér fyrir dómi, væri mætt í réttinum að tilhlutan fógeta Heiða Gestsdóttir, sú hin sama og undirritaði gerðarbeiðni varnaraðila. Þessi háttur á hagsmunagæslu fyrir sóknaraðila brýtur gróflega í bága við grundvallarreglur um jafnræði aðila við málsmeðferð. Ber þegar af þessari ástæðu að ómerkja hina kærðu lögtaksgerð.

Samkvæmt þessu ber að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Framangreind málsmeðferð fógeta er vítaverð.

D ó m s o r ð:

Hin kærða lögtaksgerð á að vera ómerk.

Varnaraðili, Innheimtustofnun sveitarfélaga, greiði sóknaraðila, Svavari Baldurssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.